

Tónmennt 3. bekkur 2021-2022

Kennarar: Birgitta Sveinsdóttir; Helga Rós Sigfúsdóttir

3

Lýsing

Í tónmennt er unnið með söng og raddbeitingu, leiki sem þjálfar taktskyn, hlustun og hreyfingu eftir tónlist, samspil með einföldum ásláttarhljóðfærum og hljóðheimurinn kannaður.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Bein kennsla, hópavinna, einstaklingsvinna, rythma leikir, umræður, söngur, dans og sprell.

Námsmat

Nemendur verða metnir í samræmi við hæfniviðmið lotunnar og frammistöðu í tímum.

VS Tónmennt fyrir yngsta stig

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS Tónmennt fyrir yngsta stig - Tónmennt hæfniviðmið fyrir 1.- 4. bekk

- Geti hlustað á fjölbreytta tónlist með athygli og sýni viðbrögð við henni.
- Geti sungið fjölbreytt lög, m.a. einföld keðjusöngslög sem gera vaxandi kröfur til söng, tækni og túlkunar.
- Geti greint á milli algengustu hljóðfærategunda s.s. blásturs- og strengjahljóðfæra, eftir heyrn og sjón og þekki sum þeirra með nafni.
- Flytji tónlist, lög og stef eftir minni, heyrn og nótnatáknum.
- Átti sig á hvaða tilgangi tónlist þjónar í kvikmyndum og teiknimyndum.
- Hlusti á tónlist frá ólíkum menningarsamfélögum og greini eiginleika og einkenni þeirra.
- Vinni áfram með og kynnist nýjum tónlistarhugtökum.

NÁMSEFNI/GÖGN

 **Það var lagið - hugmyndaefni í tónmennt**

 **Efni sem kennari hefur safnað saman**

 **Internetið (youtube, tonmennt.com ofl.)**

 **Myndefni**

 **Sígild tónskáld**

 **Stafspil**